


Ársreikningur  
Ísafjarðarbæjar

**2013**



# Ísafjarðarbær

---

Ársreikningur

---

2013



Ísafjarðarbær  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður  
kt. 540596-2639

---

# Ísafjarðarbær

---

Ársreikningur

---

2013

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8-25

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2013. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum síðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.


Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Ísafjarðarbæjar á árinu 2013, efnahag hans 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Ísafirði, 15. maí 2014

## Endurskoðun Vestfjarða ehf.

  
Jón Þorgeir Einarsson  
endurskoðandi

# Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar velferðarráðuneyti um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 4.201 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.965 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 3.618 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.447 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,625% vegna íbúðahúsnæðis og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,5% og 1,32% en sveitastjórn er heimilt að hækka álagninguna um 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 309 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 81 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 223 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu um 113,5 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 1.004 milljörðum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.011 milljörðum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.703 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 258 stöðugildi í árslok.

Íbúafjöldi í Ísafjarðarbæjar 1. desember 2013 var 3.639 og var fækkun um 109 einstaklinga frá fyrra ári.

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2013 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Ísafjörður, 29. apríl 2014


  
Daníel Jakobsson  
Bæjarstjóri



Bæjarráð:

  
Albertína F. Elíasdóttir

  
Arna Lára Jónsdóttir

  
Gísli Halldór Halldórsson


Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar staðfestir hér með ársreikning Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2013 með undirritun sinni.

Ísafjörður, 8. maí 2014

Bæjarstjórn


  
Albertína F. Elíasdóttir


  
Ingólfur Þorleifsson

  
Kristján Andri Guðjónsson

  
Arna Lára Jónsdóttir

  
Jóna Benediktsdóttir

  
Sigurður Pétursson

  
Gísli Halldór Halldórsson

  
Kristín Hálfhánsdóttir

  
Steinþór Bragason

# Rekstrarreikningur ársins 2013

Skýr	Sveitarsjóður			A og B hluti			
	2013	Áætlun 2013	2012	2013	Áætlun 2013	2012	
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs .....	3	1.822.977	1.717.863	1.671.340	1.822.977	1.717.863	1.671.340
Framlög úr jöfnunarsjóði .....	3	583.499	545.654	523.569	583.499	545.654	523.569
Þjónustutekjur .....		260.388	227.648	215.203	607.404	531.381	467.127
Endurgreiðslur .....		359.480	325.690	305.782	391.035	356.800	337.479
Hagnaður af sölu eigna .....		26	0	16.371	26	0	16.371
Aðrar tekjur .....		88.431	127.727	95.266	193.782	226.671	239.490
<b>Tekjur</b>		<b>3.114.801</b>	<b>2.944.582</b>	<b>2.827.530</b>	<b>3.598.724</b>	<b>3.378.369</b>	<b>3.255.376</b>
Skattar og önnur opinber gjöld .....		(41.765)	(40.264)	(37.759)	(64.678)	(51.982)	(60.712)
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	4	(1.622.987)	(1.610.234)	(1.522.888)	(1.703.295)	(1.688.087)	(1.592.423)
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	4	(71.857)	(70.007)	(63.651)	(71.857)	(70.007)	(63.651)
Húsaleiga .....		(16.377)	(15.231)	(14.919)	(16.377)	(15.231)	(4.626)
Annar rekstrarkostnaður .....		(709.780)	(665.307)	(630.919)	(875.172)	(843.785)	(761.696)
Afskriftir fastafjármuna .....	8	(98.881)	(90.111)	(96.263)	(165.615)	(154.592)	(165.598)
Styrkir og framlög .....		(289.568)	(211.663)	(249.617)	(241.167)	(215.298)	(253.076)
<b>Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>263.587</b>	<b>241.766</b>	<b>211.515</b>	<b>460.564</b>	<b>339.389</b>	<b>353.594</b>
Fjármunatekjur .....	5	82.943	94.424	94.492	63.420	83.416	85.233
Fjármagnsgjöld .....	6	(159.222)	(222.631)	(269.433)	(221.886)	(341.370)	(392.177)
<b>Rekstrarafkoma ársins</b>		<b>187.307</b>	<b>113.558</b>	<b>36.574</b>	<b>302.098</b>	<b>81.435</b>	<b>46.650</b>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2013	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2012
<b>Eignir</b>					
<b>Fastafjármunir</b>					
Lóðir og lendur .....	8	1.014.070	907.015	1.014.070	907.315
Fasteignir .....	8	1.517.462	1.581.835	2.632.682	2.481.430
Veitukerfi .....	8	0	0	445.506	456.112
Hafnarmannvirki .....	8	0	0	465.245	437.004
Gatnakerfi .....	8	372.282	294.889	372.282	294.889
Áhöld og tæki .....	8	152.412	160.834	173.928	184.566
Eignarhlutir í félögum .....	9	528.653	528.948	401.082	401.377
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B .....		205.966	228.420	0	0
Aðrar langtímakröfur .....		8.536	24.389	8.536	24.389
		<u>3.799.382</u>	<u>3.726.329</u>	<u>5.513.331</u>	<u>5.187.080</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	10	451.695	257.465	504.522	294.985
Næsta árs afb. langtímakrafna .....		28.775	24.462	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	10	105.966	111.869	120.626	113.327
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B .....		323.141	92.676	0	0
Handbært fé .....	10	72.744	212.985	73.484	213.709
		<u>982.320</u>	<u>699.458</u>	<u>698.632</u>	<u>622.020</u>
<b>Eignir</b>		<u>4.781.702</u>	<u>4.425.787</u>	<u>6.211.963</u>	<u>5.809.100</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2013	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2012
<b>Eigið fé og skuldir</b>					
<b>Eigið fé</b>	11				
Eigið fé .....		975.204	704.779	869.935	466.815
		<u>975.204</u>	<u>704.779</u>	<u>869.935</u>	<u>466.815</u>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbinding .....	12	1.118.716	1.073.709	1.118.716	1.073.709
Langtímalán .....	13	1.628.222	1.951.695	3.186.110	3.585.114
		<u>2.746.938</u>	<u>3.025.404</u>	<u>4.304.825</u>	<u>4.658.823</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....	14	274.271	172.182	279.864	173.458
Skuldir við lánastofnanir .....		97.434	0	122.385	32.386
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	14	480.607	277.686	567.241	346.598
Skuldir við eigin fyrirtæki B .....		155.374	133.167	0	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	14	51.874	112.568	67.712	131.019
		<u>1.059.559</u>	<u>695.603</u>	<u>1.037.202</u>	<u>683.462</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>3.806.497</u>	<u>3.721.008</u>	<u>5.342.028</u>	<u>5.342.285</u>
<b>Eigið fé, skuldir og skuldbindingar</b>		<u><u>4.781.702</u></u>	<u><u>4.425.787</u></u>	<u><u>6.211.963</u></u>	<u><u>5.809.100</u></u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2013

Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
	2013	Áætlun	2012	2013	Áætlun	2012
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstrarafkoma ársins .....	187.307	113.558	36.574	302.098	81.435	46.650
Afskriftir .....	8 98.881	90.111	96.263	165.615	154.592	165.598
Sölutap fastafjármuna .....	947	0	18.063	947	20	34.043
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	52.831	475	13.221	62.593	475	22.791
Höfuðstólslækkun langtímaláns .....	0	0	0	(31.755)	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu .....	12 71.857	45.007	63.651	71.857	45.007	63.651
Niðurfærsla hlutabréfa .....	9 295	0	0	295	0	0
Verðbætur og gengismunur af langtímaskuldum ...	31.382	54.021	98.405	102.773	128.600	178.453
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>443.499</b>	<b>303.171</b>	<b>326.177</b>	<b>674.423</b>	<b>410.129</b>	<b>511.185</b>
Aðrar rekstrartengdar eignir lækkun .....	10 (250.010)	0	14.042	(288.283)	0	42.465
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar .....	12 (26.850)	0	(23.451)	(26.850)	0	(23.451)
Rekstrartengdar skuldir hækkun .....	14 41.394	0	0	43.099	0	0
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>208.033</b>	<b>303.171</b>	<b>316.768</b>	<b>402.389</b>	<b>410.129</b>	<b>530.200</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8 (141.637)	(104.300)	(139.124)	(439.115)	(359.000)	(208.914)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	10.026	0	44.050	10.026	0	44.644
Langtímakröfur, breyting .....	15.852	1.291	50.491	15.852	1.291	1.048
Fjárfesting í eignarhlut í öðrum félögum .....	0	0	(1.989)	0	0	(1.989)
	<b>(115.759)</b>	<b>(103.009)</b>	<b>(46.572)</b>	<b>(413.237)</b>	<b>(357.709)</b>	<b>(165.211)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Greiddur arður .....	11 0	19.724	0	0	19.724	0
Afborganir langtímaskulda .....	(299.832)	(230.151)	(263.691)	(379.375)	(328.389)	(342.520)
Tekin ný langtímalán .....	160.000	0	199.415	160.000	0	211.428
Viðskiptastaða við Aðalsjóð, breyting .....	(190.117)	(19.684)	8.087	0	226.288	0
Skammtímaskuld við lánastofnun, breyting .....	97.434	0	(32.772)	89.998	0	(53.009)
	<b>(232.516)</b>	<b>(230.112)</b>	<b>(88.961)</b>	<b>(129.377)</b>	<b>(82.377)</b>	<b>(184.101)</b>
Hækkun handbærs fjárs .....	(140.242)	(29.950)	181.235	(140.225)	(29.958)	180.888
Handbært fé í upphafi árs .....	212.985	40.570	31.750	213.709	40.578	32.821
Handbært fé í lok árs .....	<b>72.744</b>	<b>10.620</b>	<b>212.985</b>	<b>73.484</b>	<b>10.620</b>	<b>213.709</b>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignarsjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveitan, Þjónustuíbúðir, Fasteignir Ísafjarðarbæjar, Fráveita og Funi.

Ársreikningur Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2013 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B-hluta.

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2013 er hluti ársreikningsins og er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignarsjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Hafnarsjóður, Vatnsveitan, Þjónustuíbúðir, Fasteignir Ísafjarðarbæjar, Fráveita og Funi. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning. Engin erlend lán eru hjá "sveitafélag en erlendir gjaldmiðlar koma inn vegna leiguskuldbindingar sem er X% í "gjaldmiðill".

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2013	2012	31.12.2013	31.12.2012
Evra (EUR) .....	162,38	160,73	158,97	168,46
Bandaríkjadalur (USD) .....	122,23	125,05	115,47	127,84
Sterlingspund (GBP) .....	191,22	198,16	190,82	206,59
Dönsk króna (DKK) .....	21,77	21,59	21,31	22,58
Norsk króna (NOK) .....	20,83	21,50	19,00	22,88
Sænsk króna (SEK) .....	18,78	18,47	18,01	19,62
Svissneskur franki (CHF) .....	131,91	133,35	129,57	139,53
Japanskt jen (JPY) .....	1,2561	1,5696	1,1000	1,4834

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útstandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutar í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

---

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	25 til 90 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	25 ár
Gatnakerfi	25 ár
Veitukerfi	10 til 50 ár
Aðrar eignir	3 til 8 ár

### Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

### Byggðasamlög

Eignarhlutar sveitarsjóðs í byggðasamlögum eru eignfærðir á upphaflegu kostnaðarverði. Byggðasamlög flokkast sem B hluta félög þó um skylduverkefni sveitarfélaga sé að ræða, enda endurspeglu framlög til byggðasamlaganna kostnað sveitarfélagsins í viðkomandi málaflökki.

### Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

### Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

### Önnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Önnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

# Skýringar

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2013	Fjárhags- áætlun 2013	2013	Fjárhags- áætlun 2013
<b>Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs</b>				
Útsvör.....	1.557.579	1.453.000	1.557.579	1.453.000
Fasteignaskattur.....	217.158	218.974	217.158	216.623
Lóðarleiga.....	48.240	45.889	48.240	48.240
	<u>1.822.977</u>	<u>1.717.863</u>	<u>1.822.977</u>	<u>1.717.863</u>
<b>Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga</b>				
Þjónustuframlag.....	278.031	239.695	278.031	239.695
Framlag vegna fasteignagjalda.....	179.007	179.007	179.007	179.007
Almennt grunnskólaframlag.....	103.161	103.653	103.161	103.653
Önnur framlög.....	23.300	23.300	23.300	23.300
	<u>583.499</u>	<u>545.654</u>	<u>583.499</u>	<u>545.654</u>
<b>Aðrar tekjur</b>				
Þjónustutekjur.....	260.388	227.648	607.404	531.381
Endurgreiðslur.....	359.480	325.690	391.035	356.800
Hagnaður af sölu eigna.....	26	0	26	0
Aðrar tekjur.....	88.431	127.727	193.782	226.671
	<u>708.325</u>	<u>681.065</u>	<u>1.192.248</u>	<u>1.114.852</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>3.114.801</u>	<u>2.944.582</u>	<u>3.598.724</u>	<u>3.378.369</u>
<b>Álagningarhlutföll</b>		2013	2012	
Útsvar.....		14,48%	14,48%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....		0,625%	0,625%	
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....		1,65%	1,65%	

# Skýringar

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2013	Fjárhags- áætlun 2013	2013	Fjárhags- áætlun 2013
Laun og launatengd gjöld.....	1.622.987	1.610.234	1.703.295	1.688.087
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	71.857	70.007	71.857	70.007
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.694.844	1.680.241	1.775.152	1.758.094
	2013	2012	2013	2012
Meðalstöðugildi.....	260	261	272	270

Laun bæjarstjórnar og bæjarstjóra námu um 28,6 milljónum króna 2013 eins og 2012.

## 5. Fjármunatekjur

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2013	Fjárhags- áætlun 2013	2013	Fjárhags- áætlun 2013
Vaxtatekjur af bankainnstæðum .....	4.935	500	4.967	500
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign .....	1.620	1.861	1.620	1.861
Arður af hlutabréfaeign .....	16.924	19.724	16.924	19.724
Gengishagnaður .....	29.699	0	29.699	0
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	27.009	14.173	7.453	3.166
Aðrar vaxtatekjur .....	2.756	58.165	2.756	58.165
	82.943	94.424	63.420	83.416

## 6. Fjármagnsgjöld

	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
	2013	Fjárhags- áætlun 2013	2013	Fjárhags- áætlun 2013
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	94.049	98.073	134.570	142.192
Höfuðstólslökkun langtímalána .....	0	0	(31.741)	0
Önnur vaxtagjöld .....	65.174	124.558	119.057	199.177
	159.222	222.631	221.886	341.370

# Skýringar

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
Skatttekjur .....	0	2.406.476	2.406.476	2.263.517
Félagspjónusta .....	477.396	346.139	(131.256)	(153.392)
Fræðslumál .....	1.152.168	137.928	(1.014.240)	(1.020.499)
Menningarmál .....	118.148	18.679	(99.469)	(102.885)
Æskulýðs- og íþróttamál .....	392.460	113.459	(279.001)	(259.920)
Brunamál og almannavarnir .....	73.639	33.609	(40.030)	(31.948)
Hreinlætismál .....	96.106	82.993	(13.112)	(10.868)
Skipulags- og byggingarmál .....	33.572	15.090	(18.483)	(22.649)
Umferðar- og samgöngumál .....	188.642	9.559	(179.083)	(160.446)
Umhverfismál .....	42.142	9.930	(32.211)	(42.433)
Atvinnumál .....	40.991	9.682	(31.309)	(36.170)
Framlög til B-hluta stofnanir .....	65.911	0	(65.911)	0
Sameiginlegur kostnaður .....	284.360	45.103	(239.256)	(226.675)
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....	71.857	0	(71.857)	(70.007)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj. ....	53.737	168.724	114.987	109.985
Aðalsjóður samtals .....	3.091.127	3.397.371	306.244	235.612
<b>A-hluta stofnanir:</b>				
Eignasjóður .....	421.622	301.806	(119.816)	(130.080)
Þjónustumiðstöð .....	79.482	80.361	879	8.026
Innri færslur Sveitarsjóðs .....	(557.897)	(557.897)	0	0
Sveitarsjóður samtals .....	3.034.334	3.221.641	187.307	113.558
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Fjárhags- áætlun
<b>B-hluta stofnanir:</b>				
Hafnarsjóður .....	116.833	224.562	107.729	47.229
Vatnsveita .....	54.249	75.872	21.623	6.241
Dvalarheimilið Hlíf .....	97.475	96.884	(591)	(26.540)
Fastís .....	174.429	141.916	(32.513)	(64.499)
Fráveita .....	49.406	64.711	15.305	5.446
Funi .....	6.427	9.665	3.239	0
Innri færslur samantekinn ársr. ....	(149.210)	(149.210)	0	0
	349.609	464.400	114.791	(32.123)
Samantekt samtals .....	3.383.943	3.686.041	302.098	81.435
<b>Framlög til B-hluta stofnanna greinast þannig:</b>				
Þjónustuíbúðir .....				28.757
Fasteignir Ísafjarðabæjar .....				37.154
				65.911

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

### Sveitarsjóður

	Fasteignir	Lóðir og lendum	Gatnakerfi	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	2.431.585	907.015	294.889	528.075	4.161.564
Endurmat .....	0	91.972	0	0	91.972
Eignfært á árinu .....	18.458	28.375	77.394	17.411	141.637
Selt og aflagt á árinu .....	(10.034)	(1.190)	0	0	(11.224)
Staða í árslok .....	2.440.009	1.026.171	372.282	545.486	4.383.949
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	862.964	0	0	354.027	1.216.991
Afskrift ársins .....	59.834	0	0	39.047	98.881
Virðisrýrnun .....	0	12.101	0	0	12.101
Selt og aflagt á árinu .....	(251)	0	0	0	(251)
Staða í árslok .....	922.547	12.101	0	393.074	1.327.722
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	1.568.621	907.015	294.889	174.048	2.944.572
Bókfært verð í árslok .....	1.517.462	1.014.070	372.282	152.412	3.056.227
Afskriftarhlutföll .....	2,5%	0%	0%	10-20%	

### Samantekinn ársreikningur

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og gatnakerfi	Hafnar-mannvirki	Áhöld og tæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða í ársbyrjun .....	4.716.759	919.848	561.532	598.062	6.796.201
Endurmat .....	91.972	0	0	0	91.972
Eignfært á árinu .....	297.564	82.494	41.647	17.411	439.115
Selt og aflagt á árinu .....	(11.224)	0	0	0	(11.224)
Staða í árslok .....	5.095.070	1.002.342	603.179	615.473	7.316.064
<b>Afskriftir</b>					
Staða í ársbyrjun .....	1.341.527	168.848	124.228	400.283	2.034.886
Afskrift ársins .....	94.941	15.706	13.706	41.262	165.614
Virðisrýrnun .....	12.101	0	0	0	12.101
Selt og aflagt á árinu .....	(251)	0	0	0	(251)
Staða í árslok .....	1.448.318	184.554	137.934	441.545	2.212.351
<b>Bókfært verð</b>					
Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.375.231	751.000	437.304	197.779	4.761.315
Bókfært verð í árslok .....	3.646.752	817.788	465.245	173.928	5.103.713
Afskriftarhlutföll .....	2-4%	2,9-4%	2%	2,5-20%	

Lóðir og lendum eru metnar til gangvirðis út frá endurmati samkvæmt álit 2.



# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

Fasteignamat og váttryggingamat eigna sveitarfélagsins skiptist þannig:

Sveitarsjóður	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Skólahúsnaði .....	414.190	1.890.866	634.229
Leikskólahúsnaði .....	108.215	551.782	111.837
Íþróttamiðstöð .....	415.119	2.571.201	424.308
Annað húsnaði .....	408.598	1.364.060	347.088
	<b>1.346.122</b>	<b>6.377.909</b>	<b>1.517.462</b>
B-hluta stofnanir	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Félagslegar íbúðir .....	920.630	2.317.946	714.004
Elliheimili .....	824.579	824.579	370.377
Hafnarsjóður .....	103.991	103.991	6.781
Aðrar eignir .....	41.490	261.258	24.057
	<b>1.890.690</b>	<b>3.507.774</b>	<b>1.115.220</b>
Samantekinn ársreikningur	Fasteignamat	Váttryggingamat	Bókfært verð
Sveitarsjóður .....	1.346.122	6.377.909	1.517.462
B-hluta stofnanir .....	1.890.690	3.507.774	1.115.220
	<b>3.236.812</b>	<b>9.885.683</b>	<b>2.632.682</b>

## 9. Eignarhlutar í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Sveitarsjóður Bókfært verð	Samantekinn árs. Bókfært verð
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>				
Hvetjandi hf. Eignarhaldsfélag .....	27,50%	30.667	30.667	30.667
Fasteignir Ísafjarðarbæjar ehf. ....	100%	127.571	127.571	0
Melrakkasetur Íslands ehf .....	%	-	450	450
Lánasjóður sveitarfélaga ofh. ....	4,15%	15.235	367.098	367.098
Landskerfi bókasafna hf., Gegnir .....	%	-	1.989	1.989
Önnur félög .....	%	-	878	878
			<b>Sveitarsjóður</b>	<b>Samantekinn ársreikningur</b>
			<b>2013</b>	<b>2012</b>
